

## Afkoma Sparisjóðs Bolungarvíkur á fyrri helmingi 2008

### Tap 322 milljónir króna

Helstu niðurstöður árs hlutareiknings Sparisjóðs Bolungarvíkur fyrir fyrstu 6 mánuði ársins 2008:

- Tap eftir skatta nam 322 milljónum króna samanborið við 231 milljón króna hagnað fyrstu sex mánuði ársins 2007.
- Fyrir skatta var afkoman neikvæð um 502 milljónum króna samanborið við 277 milljón króna hagnað fyrir sama tímabil 2007.
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta var neikvæð um 33,9% samanborið við 37,5% arðsemi á sama tímabili 2007.
- Hreinar vaxtatekjur námu 60,3 milljónum króna og jukust um 1,5% frá sama tímabili árið 2007.
- Vaxtamunur tímabilsins var 1,6% samanborið við 2,1% fyrir sama tímabil árið 2007 og 1,7% fyrir allt árið 2007.
- Hreinar rekstrartekjur voru neikvæðar um 299 milljónir króna en voru jákvæðar um 395 milljónir króna á fyrri hluta árs 2007.
- Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum var 1,2% samanborið við 1,3% fyrir fyrstu 6 mánuði ársins 2007.
- Virðisrýrnun útlána nam 90 milljónum króna samanborið við 26 milljónir króna fyrri hluta árs 2007.
- Afskriftaræikningur lána og krafna nam í lok júní 2008 4,8% af útlánnum og veittum ábyrgðum en var 4,1% í árslok 2007 og 4,3% í lok júní 2007.
- Heildareignir námu 9.517 milljónum króna í lok júní 2008 og hafa aukist um 2,8% frá árslokum 2007.
- Útlán til viðskiptamanna námu 6.092 milljónum króna í lok júní 2008 og jukust um 19,9% frá árslokum 2007.
- Innlán námu 3.477 milljón króna í lok júní 2008 sem er 6,2% aukning frá árslokum 2007.
- Eigið fé nam 1.531 milljónum króna í lok júní 2008 og lækkar um 23,7% frá árslokum 2007.
- Eiginfjárlutfall samkvæmt reglum um fjármálafyrirtæki var 10,11% í lok tímabilsins.
- Meðalfjöldi starfsmanna sparisjóðsins á tímabilinu var 13 samanborið við 14 starfsmenn á sama tímabili 2007.

Árshlutareikningur Sparisjóðs Bolungarvíkur fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2008 ber þess merki að aðstæður á fjármálamörkuðum hafa verið erfiðar á tímabilinu. Til að mæta neikvæðri þróun á hlutabréfamörkuðum og versnandi efnahagsástandi hefur sparisjóðurinn fært varúðarfærslur til lækkunar á eignasafni sínu.

Horfur fyrir seinni hluta ársins 2008 eru nokkuð góðar að því gefnu að markaðsaðstæður versni ekki mikið frá því sem orðið er og ekki þurfi að framkvæma frekari varúðarfærslur á eignasafni sparisjóðsins.

Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Sólbergsson, sparisjóðsstjóri, netfang: [asgeir@spbol.is](mailto:asgeir@spbol.is) í síma 450-7100.

**Lykiltölur úr rekstri Sparisjóðs Bolungarvíkur á fyrri helmingi 2008**

**Fjárhæðir í þúsundum króna**

Rekstrarreikningur	1/1-30/6 2008	1/1-30/6 2007	Breyting
Vaxtatekjur	554.039	284.999	94,4%
Vaxtagjöld	-493.720	-225.599	118,8%
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>60.319</b>	<b>59.400</b>	1,5%
Aðrar rekstrartekjur	-358.842	335.713	-206,9%
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>-298.523</b>	<b>395.113</b>	-175,6%
Önnur rekstrargjöld	113.992	92.446	23,3%
Virðisrýrnun eigna	89.850	25.799	248,3%
<b>(Tap)/hagnaður fyrir skatta</b>	<b>-502.365</b>	<b>276.868</b>	-281,4%
Tekjuskattur	180.607	-45.900	-493,5%
<b>(Tap)/hagnaður tímabilsins</b>	<b>-321.758</b>	<b>230.968</b>	-239,3%

Efnahagsreikningur	30.6.2008	31.12.2007	
<b>Eignir:</b>			
Sjóður og kröfur á lánastofnanir	216.801	285.701	-24,1%
Útlán	6.091.660	5.078.937	19,9%
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	1.373.848	1.839.878	-25,3%
Aðrar eignir	1.834.223	2.052.772	-10,6%
<b>Eignir samtals</b>	<b>9.516.532</b>	<b>9.257.288</b>	2,8%

<b>Skuldir og eigið fé:</b>			
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	2.829.703	2.301.323	23,0%
Innlán	3.477.198	3.274.392	6,2%
Lántaka	1.103.647	1.046.805	5,4%
Aðrar skuldir	574.639	628.601	-8,6%
Eigið fé	1.531.345	2.006.167	-23,7%
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>9.516.532</b>	<b>9.257.288</b>	2,8%

Eiginfjárhlutfall	10,1%	20,7%
Arðsemi eigin fjár	-33,9%	37,5%
Vaxtamunur	1,6%	2,1%
Afskriftarreikningur lána sem hlutfall af útlánum	4,8%	4,3%
Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum	1,2%	1,3%
Innlánsaukning	6,2%	10,2%
Útlánsaukning	19,9%	3,5%
Meðalstöðugildi	13	14